



Afríka 20:20 –
félag áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara
ÁRSSKÝRSLA 2025

Aðalfundur Afríku 20:20 var haldinn síðdegis 26. mars 2025, á efri hæð Máls og menningar að Laugarvegi 18. Þátttakendur voru stjórnarfolk auk sex annars félagsfólks og þriggja gesta. Gengið var til venjubundinna aðalfundarstarfa skv. lögum félagsins. Stjórn var endurkosin frá fyrra ári með því fráviki að Davíð Daníelsson var kosinn í stað Jite Brume sem varamaður:

Formaður:	Geir Gunnlaugsson
Gjaldkeri:	Magnfríður Birnu Júlíusdóttir
Ritari:	Stefán Kristmannsson
Meðstjórnendur:	Hulda Guðrún Gunnarsdóttir Jón Geir Pétursson Þórdís Sigurðardóttir
Varamenn:	Birna Halldórsdóttir Davíð Daníelsson
Skoðunarmaður reikninga:	Anna Katrín Árnadóttir

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið þrjá fundi auk óformlegra samskipta stjórnarmanna um starfsemi félagsins.

Félagsmenn

Einstaklingar á útsendingarlista Afríku 20:20 eru nú 200 talsins með virkt netfang og fá reglulega upplýsingar um starfsemi félagsins. Listinn byggist á skriflegri beiðni einstaklinga um að gerast félagsmenn og svo einstaklingum sem hafa sýnt starfsemi félagsins áhuga, t.d. með því að sækja málstofur og aðra viðburði félagsins. Félagið hefur einnig komið upp hópi á Fésbókinni og er nú með 671 vini skráða. Alls borguðu 21 árgjald fyrir 2025.

Málstofur

Tvö erindi um átök og friðarferli í Afríku voru haldin 19.maí:

- Guðrún Sif Friðriksdóttir með framsögu um Austur Kongó
- Stefán Jón Hafstein með framsögu um Súdan

Málstofan var haldin í Háskóla Íslands og var vel sótt og skóp fjörugar umræður. Í kjölfarið var frumælendum boðið í viðtal á RÚV (gjarnan tengil ef hann er tilaðgengilegur).

Tveir stjórnarmenn – Jón Geir Pétursson og Geir Gunnlaugsson – sitja í rannsóknarráði Norrænu Afríkustofnunarinnar (NAI). Ásamt Utanríkisráðuneytinu, Félagsvísindasviði Háskóla Íslands og NAI tóku þeir með stuðningi stjórnar félagsins þátt í skipulagningu og upplýsingamiðlun á vel sóttum (um 40 manns) pallborðsumræðum í Eddu Háskóla Íslands 27. nóvember: *Afríka í dag og á morgun: rannsóknarmiðuð greining til ársins 2050.*

Opnunarerindi hélt Magnús Þ. Torfason, forseti Félagsvísindasviðs. Frummælendur voru Nauja Kleist frá Dönsku alþjóðamálastofnuninni, Morten Jerve frá Umhverfis- og lífvísindaháskóla Noregs, Guðrún Sif Friðriksdóttir frá Háskóla Íslands, Irmelio Mustalathi frá Háskóla Austur Finnlands og Shingirai Mtero frá NAI. Pallborðsumræðunum lauk með ávarpi Elínar R. Sigurðardóttur, skrifstofustjóri Þróunarsamvinnuskrifstofu Utanríkisráðuneytisins.

Afríka sunnan Sahara í brennidepli

Stjórnin hefur rætt á fundum sínum útgáfu bókarinnar *Afríka sunnan Sahara í brennidepli II* (Háskólaútgáfan og Afríka 20:20, Reykjavík 2023), framgang sölu og samskipti við útgáfuna, m.a. greiðslur til hennar. Bókin hefur verið til sölu víða og nú síðast einnig á Bókamarkaðnum. Ekki liggur fyrir um fjölda seldra eintaka þar sem bókarbúðir eru með eintök víða til sölu og hafa ekki gert upp sölutölur.

Brot úr bókarkafli Jóns Geirs Péturssonar birtist á menningarsíðu Morgunblaðsins í apríl 2025, *Stórir menn við stjórnvölinn í Afríku*.

Félagið vill áfram stuðla að miðlun fræðslu um málefni Afríku sunnan Sahara og þróunarsamvinnu. Stjórnin ákvað því að sækja um fræðslu- og kynningarstyrk til Utanríkisráðuneytisins til að efla útgáfu kynningar og fræðsluefnis undir formerkinu „Afríka sunnan Sahara í brennidepli“. Meginmarkmið verkefnisins er hönnun kennsluefnis fyrir kennara til hagnýtingar á bókarköflum til stuðnings kennslu til nota í efstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum. Einnig eru hugmyndir um að gera efni bókanna tveggja aðgengilegt fyrir almenning á rafrænum miðlum og finna heppilega rafræna vistun efnisins í tali og rafrænu formi. Jafnframt þessu hyggst félagið hefja undirbúning að útgáfu þriðja bindis Afríku sunnan Sahara í brennidepli undir ritstjórn Jóns Geirs Péturssonar.

Heimasíða Afríku 20:20

Nýja vefsíðan hefur verið virk í tvö ár og nokkuð verið um (robot gerðan)-ruslpóst frá fyrirspurnasíðu hennar. Mjög lítið hefur verið um fyrirspurnir og spurning um framhald þessa verkefnis.

Komandi starfsár

- Málstofur skv lögum félagsins
- Vinna með verkefnið Afríka sunnan Sahara
- Önnur verkefni að ákvörðun stjórnar

Reykjavík, 7. maí 2026
Fh stjórnar

Geir Gunnlaugsson formaður